

Ed.

709. Nefndarálit

[250. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 84 1970, um Háskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og rætt um það við rektor Háskóla Íslands og fulltrúa frá Félagi háskólakennara. Mikilvægasta atriði frv. er að opna leiðir til þess, að unnt sé að tengja kennarastöðu við Háskólann tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við stofnun utan Háskólans. Ljóst er, að mikill ágreiningur er ríkjandi um réttmæti slíkrar tilhögunar meðal háskólamanna. Nefndin telur eðlilegt, að betri tími gefist til athugunar málsins, áður en almenn heimild af þessu tagi er veitt með lögum. Þörfin á þess háttar heimild mun vera brýnust í verkfræði- og raunvísindadeild, og telur nefndin rétt, að heimildarákvæðið verði a. m. k. að svo stöddu bundið við þá deild. Jafnframt geti það ekki átt við aðrar stofnanir utan Háskólans en opinberar stofnanir.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja brtt., en nefndin mælir með samþykkt frv. með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað orðanna í 10. gr. 3. mgr. „Að tillögu háskólaráðs og þeirrar deildar, sem í hlut á, má þó tengja kennarastöðu við Háskólann tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við stofnun utan Háskólans, enda sé sú tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar“ komi: Nú hefur Háskólinn ekki tök á að koma upp rannsóknastöðu í verkfræði í tiltekinni kennslugrein, og má þá skv. tillögu háskólaráðs og verkfræði- og raunvísindadeildar tengja slíka kennarastöðu tiltekinni stöðu eða starfsaðstöðu við opinbera stofnun utan Háskólans, enda sé slík tilhögun heimiluð í reglum stofnunarinnar eða samþykkt af stjórn hennar.
2. Við 5. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein (og breytist upphaf greinarinnar samkv. því):

Raugreinadeildarpróf frá Tækniskóla Íslands veitir einnig rétt til skrásetningar til verkfræðináms, með fyrrgreindum skilyrðum. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um, að ákveðin próf frá íslenskum skólum, veiti rétt til skrásetningar í tiltekið nám við Háskólann, enda hafi prófin verið metin jafngildi stúdentsprófs til undirbúnings viðkomandi námi.

3. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Framan við 38. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Prófessorar, dósentar og lektorar í tilteknum kennslugreinum í verkfræði geta jafnframt haft starfsaðstöðu við opinberar stofnanir utan Háskólans, ef Háskólinn hefur ekki tök á að koma upp slíkri aðstöðu í viðkomandi fræðigrein. Þess skal jafnan gætt, að starfsaðstaða og starfsskyldur fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru um slíkar stöður skv. háskólalögum. Heimild til slíkra starfa má aðeins veita með samþykki háskólaráðs og verkfræði- og raunvísindadeildar í hverju einstöku tilviki.

Alþingi, 4. maí 1972.

Ragnar Arnalds,  
form., frsm.

Páll Þorsteinsson,  
fundaskr.

Björn Jónsson.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Auður Auðuns.

Eggert G. Þorsteinsson.

Steingrímur Hermannsson.